

Ár 1982, fimmtudaginn 15. júlí, var í málinu nr. 5/1982 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi


Ú R S K U R ð U R :

Málavextir eru þeir, að árið 1981 var lagður fasteignaskattur á húseign Samtaka Sjöundadags aðventista, að Skólavörðustíg 16 í Reykjavík. Nefnd samtök telja umrædda fasteign undanþegna fasteignaskatti, þar sem um kirkju sé að ræða í skilningi 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Reykjavíkurborg fellst ekki á, að undanþáguákvæði 5. gr. eigi við fasteignina.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eru í ofangreindri húseign skrifstofur presta og gjaldkera safnaðarins og útsölustaður fyrir bækur bókaforlags aðventista. Til kirkna í skilningi 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga verða aðeins talin hús, sem aðallega eru notuð fyrir samkomur til trúariðkana, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 20/1972 um fasteignaskatt. Ekki verður fallist á, að þau not, sem lýst var, séu með þeim hatti. Nýtur húseignin því ekki undanþágu frá fasteignaskatti.

Ú R S K U R ð A R O R Ð :

Skylt er að svara fasteignaskatti af húseigninni nr. 16 við Skólavörðustíg í Reykjavík.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon